

Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið, 22. mál.

Þingsályktunin barst Landssambandi kúabænda (LK) til umsagnar í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dagsett 17. október 2018.

Landssamband kúabænda telur nauðsynlegt að samningur Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur verði endurskoðaður hið fyrsta. Er það í samræmi við ályktun aðalfundar samtakanna sem haldinn var 6.-7. apríl sl. en þar er þess krafist að „*íslensk stjórnvöld fari fram á endurskoðun tollasamnings sem gerður var á milli Íslands og Evrópusambandsins 17. september 2015 og tekur gildi 1. maí 2018, en algjör forsendubrestur hefur orðið í útflutningsmöguleikum á íslenskum mjólkurvörum við útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu (Brexit).*“

Í greinargerð með ályktuninni segir: „*Vegna útgöngu Bretlands úr ESB hefur íslensk mjólkurframleiðsla ekki aðgang að Bretlandsmarkaði í gegnum áður nefndan EES samning eins og til stóð við gerð samningsins. Bretlandsmarkaður er með tæplega 70 milljónir íbúa og er annar stærsti markaðshluti ESB á eftir Þýskalandi og þar að auki næst okkur í fjarlægð og aðgengi að skilvirku flutningakerfi og einn verðmætasti markaðshluti Íslands innan ESB. Það má því segja aðstæður sem ekki lágu fyrir við gerð samningsins hafi leitt til þess að algjör forsendubrestur sé orðinn fyrir samningnum hvað varðar hagsmuni íslenskrar mjólkurframleiðslu.*“

Áhrif á íslenska kúabændur

Undanfarna 12 mánuði er sala hérlandis á innlendum ostum um 6.285 tonn. Til að framleiða það magn þarf rúmlega 62 milljónir lítra mjólkur, eða sem nemur framleiðslu rúmlega 230 meðal bóa hér á landi. Í samningnum eru veittir tollkvótar fyrir samtals 610 tonn af osti frá ESB, eða sem nemur um 9,7% af ostamarkaði hér á landi. Að mati LK er mjög líklegt að svo stórir tollkvótar muni hafa veruleg áhrif á ostamarkaðinn og þar með mjólkurframleiðslu hér á landi í heild sinni á komandi árum.

Framleiðsla innanlands á nautakjöti undanfarna 12 mánuði er um 4.745 tonn og hefur heldur aukist undanfarin ár. Þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda, verða tollkvótar fyrir nautakjöt 696 tonn. Framleiðslu- og sölutölur eru í heilum og hálfum skrokkum (kjöt með beini) og því er rétt að umreikna innflutning í skrokka til að finna út raunverulega markaðshlutdeild innflutts nautakjöts¹. Þá er ljóst að tollkvótinn nemur um 20% af umfangi

¹ Skýrsla starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:
https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Tollaskýrsla_15.12.2014.pdf

nautakjötsmarkaðarins en það mun hafa veruleg áhrif á nautakjötsframleiðsluna hér á landi og höfum við nú þegar séð verðlækkunir til bænda eftir að samningurinn tók gildi 1. maí sl. Tekið skal fram að auk aukins innflutnings hafa launahækkunir í samfélaginu einnig haft áhrif til lækkunar til bænda.

Með samningnum fær Ísland jafnframt tollkvóta til ESB fyrir 4.000 tonn af skyri. Sá útflutningur var fyrst og fremst hugsaður á Bretlandsmarkað, líkt og fram kemur í þingsályktunartillögu þessari, og hefur því útganga Bretlands úr ESB töluverð áhrif á tækifæri mjólkuriðnaðarins til nýtingar þess tollkvóta sem um var samið.

Í samningnum er kveðið á um stóruka tollkvóta á nautgripaafurðum til Íslands frá ESB:

Vara	Núgildandi tollkvóti (f. 1. maí 2018)	Kvótar samtals (e. 4 ár)	Breyting í %
Nautakjöt	100 tonn	696 tonn	696%
Ostur (VUT eða VLM)*	20 tonn	230 tonn	1.150%
Ostur	80 tonn	380 tonn	475%

* Vernduð upprunatáknun VUT eða vernduð, landfræðileg marking VLM)

Á móti er samið um að ESB auki tollkvóta á nautgripaafurðum frá Íslandi sem hér segir:

Vara	Núgildandi tollkvóti (f. 1. maí 2018)	Kvótar samtals (e. 4 ár)	Breyting í %
Skyr	380	4.000 tonn	1.053%
Smjör	350	500 tonn	143%
Ostur	0	50 tonn	Nýtt

Forsendur endurskoðunar

Þann 23. júní 2016 kusu Bretar að segja sig úr Evrópusambandinu. Er það 9 mánuðum eftir að tollasamningur Íslands og ESB var áritaður í formi bréfaskipta og mánuði eftir að stjórnartillaga um staðfestingu samningsins er lögð fram á Alþingi þann 24. maí 2016. Þann 13. september, tæpum 3 mánuðum eftir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu Breta um Brexit liggur fyrir, er samþykkt stjórnartillaga á Alþingi um staðfestingu samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur. Sætir það furðu að við afgreiðslu málsins er hvergi minnst á áhrif komandi útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu á samninginn, hvorki í nefndarálitum né umræðum á Alþingi.

Í 3. mgr. 19. gr. EES-samningsins segir að samningsaðilar skuli framkvæma endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir á tveggja ára fresti. Þó svo að almennt hafi liðið langur tími milli endurskoðunar samningsins þrátt fyrir ákvæði þetta, er ljóst að boðið er uppá endurskoðun á þessum tímamarki, en nú eru 2 ár liðin frá staðfestingu samningsins af hálfu ríkisstjórnar Íslands og rúmt ár frá staðfestingu Evrópuþingsins, 12. september 2017.

Einnig segir í bréfi frá Evrópusambandinu í bréfaskiptum milli Evrópusambandsins og Íslands um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir (þingskjal 1338 – 783. mál, fylgiskjal 1): „Samráðsfundir verða haldnir um öll álitæfni varðandi framkvæmd samnings þessa, fari

annar samningsaðilinn fram á það. Komi upp vandkvæði við framkvæmd samnings þessa verða þessir samráðsfundir haldnir eins skjótt og auðið er í því skyni að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.” Telur LK einboðið að íslensk stjórnvöld óski eftir slíkum samráðsfundi enda ljóst að útganga Bretlands verður að teljast sem vandkvæði við framkvæmd samningsins.

Telur LK einnig mikilvægt að upp verði teknar frekari viðræður við Evrópusambandið vegna útreiknings á magni tollkvóta við innflutning, að þar sé miðað við ígildi kjöts með beini. Komu fram ábendingar þess eðlis m.a. í umsögn LK og Bændasamtaka Íslands þegar staðfesting samnings Íslands og ESB (þingskjal 1338 – 783. mál) var til umsagnar. Einnig kom það fram í skýrslu starfshóps sem hafði það hlutverk að kanna áhrif tollasamnings við ESB. Er slíkt í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og sambærilegt því sem þekkist annars staðar. Við tollafgreiðslu Evrópusambandsins á lambakjöti er almennt miðað við ígildi kjöts með beini að frátöldu unnu kindakjöti, en langstærstur hluti útfluttra landbúnaðarvara frá Íslandi er lambakjöt. Það er eðlilegt að sambærilegar reiknireglur gildi hjá báðum samningsaðilum.

Mikilvægt er að halda því til haga að þegar lokið var við gerð samningsins og hann undirritaður af hálfu Íslands á sínum tíma var það gert án þess að unnar væru greiningar á áhrifum hans á íslenskt samfélag, hvorki umhverfisleg, efnahagsleg né samfélagsleg. Leggur LK þunga áherslu á að svo sé gert hið fyrsta og fylgst verði náið með þróun þess svo hægt sé að meta þörfina á frekari endurskoðun samningsins þegar fram líða stundir.

Að framansögðu leggur LK þunga áherslu á að viðskiptasamningur Íslands og ESB um tollkvóta á landbúnaðarafurðum verði endurskoðaður svo fljótt sem auðið er.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllt,

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda